



Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð
Borgartúni 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2024

MSS24110182

Samþykkt íbúaráðs Miðborgar og Hlíða-tillaga um lengingu opnunartíma í Sundhöllinni

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 28. nóvember 2024 var lögð fram og samþykkt svohljóðandi tillaga fulltrúa foreldrafélaga í miðborg, dags. 8. liður fundargerðar, sbr. 8. liður fundargerðar:

Lagt er til að íbúaráð Miðborgar- og Hlíða samþykki að beina því til menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs að endurskoða opnunartíma Sundhallarinnar og færa opnunartíma um helgar aftur til 22.00.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Vísað til menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs.

Með hliðsjón af ofangreindu og samþykkt fyrir íbúaráð Reykjavíkur er þess óskað að menningar-, íþróttá og tómsundaráð taki samþykkt íbúaráðs Miðborgar og Hlíða til afgreiðslu.

Virðingarfyllst,
Heimir Snær Guðmundsson
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt: Tillaga fulltrúa foreldrafélaga í miðborg um lengingu opnunartíma í Sundhöllinni



Reykjavík

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða 26 nóvember 2024: Tillaga fulltrúa foreldrafélaga í miðborg um lengingu opnunartíma í Sundhöllinni. MSS24110182

Lagt er til að íbúaráð Miðborgar- og Hlíða samþykki að beina því til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs að endurskoða opnunartíma Sundhallarinnar og færa opnunartíma um helgar aftur til 22.00.

Greinagerð:

Skerðing á opnunartíma á sundlaugum í Reykjavík var harðlega gagnrýnd þegar hún kom til og teljum við tímabært að rýmka aftur opnunartímann í það sem áður var. Það er jákvætt og gleðilegt hversu mikið ungt fólk sækir sundlaugar á kvöldin og það er einmitt þörf á að stuðla að því að ungmenni hafi fjölbreytta afþreyingarmöguleika í jákvæðu umhverfi á kvöldin. Einnig styður það við lýðheilsuþætti borgarinnar að lengja opnunartíma sundlauganna, fyrir alla aldurshópa og alla gesti.